

115

29. ágúst

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.**

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjóli og neftóbaki skal vera 20%, miðað við verð Áfengis- og Tóbaksverzlunar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. sept. 1961, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 23. ágúst 1958, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

*Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1961.***Gunnar Thoroddsen.***Sigr. Klemenzson.*

116

4. sept.

REGLUGERÐ**um skemmtanaskatt í Hólmavíkurhreppi í Strandasýslu.**

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning sem haldnar eru í Hólmavík og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig.

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

2. flokkur.

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki skal greiða 10% af aðgangseyri og 20% af skemmtun í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.